



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Alþingi - nefndasvið
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 6. janúar 2022
MÍ202201-0012/0.00/ K.H.S.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

Óskað hefur verið umsagnar Minjastofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, þingskjal 169 – 167. mál.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir vegna flutnings stofnunarinnar yfir í nýtt ráðuneyti umhverfis-, orku- og loftslagsmála en telur þörf á að koma nokkrum ábendingum á framfæri sem varða fjárheimildir, tilfærslur fjárheimilda o.fl.

Í fjárlagafrumvarpi 2022 kemur fram í markmiðum málaflokks 18.2, sem Minjastofnun Íslands tilheyrir, að leggja eigi áherslu á að; „gera gagnagrunn yfir fornleifar og safna gögnum“, „skrá fornleifar á svæðum sem eru utan skráningarskyldra svæða sveitarfélaga vegna skipulagsgerðar“, „skilgreina forgangssvæði og skrá fornleifar innan þeirra“ og „skrá fornleifar á þjóðlendum og friðlýstum svæðum“. Framkvæmdaaðilar eru Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Minjastofnun og tilgreint er að markmiðin rúmist innan fjárheimilda til málefnasviðs 18. Minjastofnun hefur á undanförunum árum lagt áherslu á að fjármagn fái til að fara í átak við umrædd verkefni. Vegna áherslna á þessi verkefni í fjárlagafrumvarpinu má ætla að Mennta- og menningarmálaráðuneytið hafi haft í hyggju að veita fjármagni til átaksverkefnanna innan þeirra fjárheimilda sem veittar eru til málefnasviðs 18. Það gefur tilefni til ábendinga um hvort skoða þurfi tilfærslur á fjárheimildum vegna flutnings Minjastofnunar í nýtt ráðuneyti svo tryggt verði að þessi verkefni falli ekki niður.

Vakin er athygli á að í tengslum við aukin verkefni við friðlýsingar náttúru- og menningarminja að Minjastofnun var ekki tryggður neinn fjárhagslegur stuðningur til að vinna að slíkum verkefnum af fyrri ríkisstjórn og þarf að bæta þar úr ef stofnunin á að sinna sínu lögbundna hlutverki varðandi friðlýsingar.

Þá ber einnig að koma því á framfæri að Minjastofnun hefur í fjölda ára, í fjölmörgum erindum, komið á framfæri athugasemdum um verulega undirmönnun og undirfjármögnun stofnunarinnar sem ekki hefur verið brugðist við nema að litlu leiti. Tilfærsla stofnunarinnar í nýtt ráðuneyti

gefur tilefni til að benda sérstaklega á þennan þátt þar sem það mun verða verkefni nýs ráðuneytis að greiða úr þeim vanda.

Þá hefur Minjastofnun að auki bent á með erindum undanfarin ár að umtalsverður munur er á launakjörum starfsfólk Minjastofnunar og starfsfólks í öðrum stofnunum sem koma að málefnum umhverfis, s.s. Umhverfisstofnun. Laun starfsfólks Umhverfisstofnunar voru við síðustu könnun um 25-38 prósent hærri en starfsfólks Minjastofnunar fyrir sambærileg störf. Talin var þörf á að benda sérstaklega á þetta í tilefni flutnings stofnunarinnar í nýtt ráðuneyti þar sem hið nýja ráðuneyti mun þurfa að taka þessi mál til sérstakrar skoðunar. Á tímum áherslna á jafnlaunastefnu er vandséð að ráðuneytið geti annað en veitt Minjastofnun liðsinni við að leiðrétta launakjör starfsfólks til að tryggja launajafnrétti hjá undirstofnunum fyrir sambærileg störf.

Stofnunin sér marga kosti og möguleika á samstarfi við stofnanir nýs ráðuneytis og væntir þess að starfsemin eigi eftir að þróast á jákvæðan hátt á næstu árum í þágu góðrar og öflugrar minjaverndar.

Virðingarfyllst,



Kristín Huld Sigurðardóttir
Forstöðumaður